

2. Stjórnarfundur Leiknar – Fundargerð

Dagsetning: 04.09.2025. **Tími:** 11.00 – 13.00. **Staðsetning:** Iðan og TEAMS

Mætt: Guðrún Vala Elísdóttir, Helen Gray, Kjartan Jónsson, Björn Garðarsson, Bergþóra Guðjónsdóttir, Oddbergur Eiríksson. **Gestur:** Aron Hallson. **Forföll:** Þórunn Grétarsdóttir.

Fundurinn byrjaði á því að kynna Oddberg, framkvæmdastjóra Fjölmenntar.

1. Heimasíða Leiknar –

1. Aron hjá [Netvöktun ehf - s: 7724050](#) verður með okkur:
 1. Endurbætur á útliti og einfalda síðuna.
 1. Við vorum sammála að fara í að uppfæra og endurbæta síðuna.
 2. Aron sendir tilboð á formadur@leikn.is
 2. Fá tillögur frá Aroni um efni síðunnar.
 1. Aron ætlar að koma með tillögur.
 2. Búa til vinnuskjal sem rýnir núverandi vefsíðu (Exce).
 3. Áætla 6 vikur frá því hann byrjar.
 4. Aron ætlar að koma með tillögu af nýju lógó. Við vorum sammála um láta búa til nýtt lógó.
 3. Athuga hvort Aron geti útbúið leiðbeiningar um hvernig setja á inn efni á síðuna, t.d. fundargerðir, fréttir og tölvupóstsendingar.
 1. Allir stjórnarmenn munu hafa aðgang að síðunni.
 2. Við ræddum aðeins að fleiri þyrftu að hafa aðgang að FB.
 3. Við ræddum ekki sérstaklega um leiðbeiningar.
 4. Tillaga um að halda áfram að birta fréttir á síðunni – ein frétt á mánuði og deila ábyrgð þeirra á milli stjórnarmanna.
 1. Umræða um þetta átti sér stað og voru skiptar skoðanir.
 2. Tillaga um að kalla þetta frekar færslu en fréttir.
 5. Hugmynd um að kaupa Microsoft TEAMS aðgang fyrir Leikn til að halda utan um vinnu stjórnar.
 1. Aron benti á að Leikn er ekki hagnaðardrifið og hefur því stöðu N1sem þýðir að við fáum 10 ókeypis leyfi frá Microsoft. Við munum vera með þrjú netföng: leikn@leikn.is; formadur@leikn.is og gjaldkeri@leikn.is
 2. Aron tekur að sér að koma upp þessu fyrir okkur.
 6. Aðrar hugmyndir.
 1. Við ræddum um fyrir hvern er Leikn? Hver er markhópur Leiknar? Hvað fær félagsmaður Leiknar út úr aðildinni? Hver er líf og sál Leiknar?
 1. Skoðuðum samþykktir Leiknar, sem er nokkuð skýr með tilgang Leiknar, við stöldruðum þá aðeins við: *Að vera í forystu fyrir þróun fullorðinsfræðslunnar á Íslandi.* Hvað þýðir þetta?
 2. Fræðsluerindi
 1. Kjörin vettvangur til að kynna innlend og erlend þróunarverkefni.

2. Vettvangur til að kynna starfsemi aðila og fyrirtæki í sí-og endurmenntun
 3. Leikn er rödd framhaldsfræðslunnar gagnvart yfirvöldum.
 2. Kynna Leikn til leiks á ný – ársfundur FA í nóvember – afhjúpa nýja vefsíðu? (vorum við ekki að tala um þetta?)
2. Önnur mál.
1. Funda á ca. 6 vikna fresti
 2. Vefsíðan verður aðalverkefni vetrarins.
 3. Guðrún Vala og Védís munu eiga formleg gjaldkeraskipti fyrir næsta fund.
 4. Helen er búin að gera nokkrar tilraunir til að ná samtali við menntamálaráðuneytið án árangurs.

Fundi slitið: kl. 12.45

Ritari: Helen Gray